

**Mál nr. 240/2012**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækja A og B**

**Árekstur bifreiðar og dráttarvélar á Sauðárkróksbraut þ. 9.5.2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 31.5.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 13.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-3

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A og B á Sauðárkróksbraut við Háholtsafleggjarann. Báðum ökutækjunum var ekið til suðurs og ætlaði A að fara fram úr B og hóf framúrakstur en á sama tíma var B ekið í vinstri beygju að Háholtsafleggjara og árekstur varð. Ökumaður A sagðist hafa ekið á um 85 km. hraða og séð B og ætlað framúr þegar B var beygt í veg fyrir A. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekki gefið stefnuljós áður en hann byrjaði að beygja. Ökumaður B segist hafa litið í spegil B og ekki séð neina umferð ökutækja á eftir sér, hann hafi því hægt á B og gefið stefnuljós til að kynna að hann ætlaði að beygja B til vinstri og síðan beygt en þá tekið eftir B. Bremsuför eftir A mældust 15 metrar. Í lögregluskýrslu segir að brotin lína sé á milli akreina á Sauðárkróksbraut þar sem óhappið varð og biðskyldumerki er við afleggjarann. Í bréfi V kemur fram að á vettvangi sé hálfbrotin miðlína.

**Álit.**

Ökumaður A braut gegn ákvæði 1.mgr. 22 gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hann ók fram úr B á gatnamótum. Miðað við fyrirliggjandi gögn ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að reyna framúrakstur á gatnamótum. Ekki eru skilyrði til sakarskiptingar miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 26.6. 2012.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.